



Samfélagsleg ábyrgð  
í sjávarútvegi

2.-3. NÓVEMBER Í HÖRPU

# *Sjálfbærni í samfélags- og menningarlegu samhengi – fræðilegar hugleiðingar*

Helga Ögmundardóttir

Dósent í mannfræði

Háskóla Íslands



HAMPIÐJAN



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

ICELANDAIR  
CARGO

ISI ICELAND  
SEAFOOD



marel

Pipar \TBWA

TM



SJÁVARÚTVEGS  
RÁÐSTEFNAN

2023

## Útdráttur úr erindi:

Hugtakið *sjálfbærni* er notað í margvíslegu samhengi, stundum illa skilgreint og umdeilt, sem getur leitt til þess að það er útvatnað og misskilið. Græn- og hvítþvottur eru þekktir gjörningar þar sem hinar **þrjár meginstoðir sjálfbærni - samfélagsleg, umhverfisleg og efnahagsleg** - verða að litlu öðru en réttlætingu á athöfnum sem jafnvel hafa þveröfug áhrif en ætlað var í upphafi. Í þessu erindi verða nokkrar félagsvísindalegar hliðar sjálfbærnihugtaksins skoðaðar á gagnrýninn hátt.



## *Helstu þættir hér til athugunar:*

- Sjálfbærni út frá fræðilegu sjónarhorni félagsvísinda.
- Fókus á ***sjálfbærnivísa*** út frá sjónarhorni rannsókna félagsvísindanna á **hvað félagsleg sjálfbærni er** og hvernig hægt er að **meta** hana, í samhengi við hinar tvær – efnahagslega og umhverfislega sjálfbærni.
- *Úr yfirskrift málstofunnar:* „Það er almennt álit sérfræðinga í auðlindastjórnun að virk vernd og stýring náttúruauðlinda næst ekki nema **með viðtæku samráði** stjórnarsýslu, vísindamanna, hagaðila og almennings. Markmiðið með þessari málstofu er að fá *fjölbreyttan hóp* að borðinu til að hefja þetta **samtal** og leggja þannig grunn að frekari vinnu.“

# Nokkur meginatriði sem sjálfbærnihugtakið felur í sér (1):

- *Meginstoðirnar*: **Umhverfi, efnahagur og samfélag** (menning) – er einhver þeirra mikilvægari en önnur og hver ákveður það?
- **Veik sjálfbærni – sterk sjálfbærni**: sjálfbærni er **ekki gefin eða endanleg**, hún er **skali** frá veikri til sterkrar og því alltaf umdeild og umdeilanleg og hana þarf að ræða og komast að samkomulagi um (sbr. lýðræði).
- Tímafaktor hugtaksins er lykilatriði: **hve langt fram í tímann** á, má eða þarf að horfa? Því lengra, þeim mun betra (sbr. sterkari sjálfbærni).



(2)

- Landfræðilegur skali hugtaksins: frá hinu **staðbundna** til hins **hnattræna**.
- Hver hefur **umboð, þekkingu eða getu til að skilgreina** hvað einkennir sjálfbært samfélag? *Valdafaktor hugtaksins: það hallar oftast á félagslegu sjálfbærnina en umhverfis- og sérstaklega efnahagsleg sjálfbærni fær mesta athygli og vægi.*
- Sjálfbærni sem **leiðin að markmiðinu – sjálfbærni sem ferli**, ekki markmið í sjálfu sér (ástand), því við vitum lítið um hvernig sjálfbært samfélag gæti raunverulega litið út.



# Sjálfbærni – sjálfbær þróun: örlítið um söguna Sjálfbærnivísar (1)

- 1987: hugtakið *sustainable development* – *sjálfbær þróun* tekur flugið eftir að skýrsla Gro Harlem Brundtland *Our common future* kemur út.
- Hugtakið er þó eldra, það hefur lengi verið notað í ýmsu fræðilegu samhengi, m.a. í félagsvísindum.
- Félagsvísindin hafa lengi beint sjónum sínum að **félagslegum sjálfbærnivísam** (e. sustainability indicators), og hugmyndin er að þeir séu sambærilegir við/í samræmi við sjálfbærnivísana sem settir er fram út frá efnahag annars vegar og umhverfi hins vegar.

(2)

- Það er auðveldara að **magnbinda** (sbr. e. quantitative indicators) umhverfis- og efnahagslega sjálfbærnisáætla en þá félagslegu.
- Félagslegir sjálfbærnisáætla þurfa að innihalda **mat á lífsgæðum**, félags- og menningarlegu ástandi, samheldni og samkennd og jafnvel hamingju og hugmyndir fólks um tilgang lífsins, svo eitthvað sé nefnt – þeir eru því meira **eigindlegir** (e. qualitative indicators) en umhverfis- og efnahagslegir vísar.
- Það skiptir máli **hvar** í heiminum félagsleg sjálfbærni er skoðuð, t.d. til að “auka sjálfbærni”, **aðstæður** í hverju tilviki eru grundvallaratriði.
- Sjálfbærnisáætla (sumir) eru því oft alls **ekki yfirfæranlegir** frá einu samfélagi, eða hluta samfélags, yfir á annað (sbr. ólík lífsgildi: tilgangur lífsins, lífshamingja o.s.frv.).



## Hin félagslega sjálfbærni felur m.a. í sér eftirfarandi, ef hún er til staðar og virkar vel:

- **Jöfnuður** (e. equity)/**jafnrétti** (e. equality): félagsleg, pólitísk og efnahagsleg staða fólks/hópa og **möguleikar þeirra til að lifa mannsæmandi lífi**, sbr. lífsgæði og lífshamingja, og aðgengi og þátttaka í ákvarðanatöku – eru allir virkir þátttakendur í **að skapa framtíð sína og alls samfélagsins?**
- **Aðgengi að og eignarhald á náttúruauðlindum: virk þátttaka í ákvarðanatöku um nýtingu auðlinda** (ath. að friðun er einnig nýting) og **jöfn og sanngjörn dreifing náttúrugæða og þess sem þau gefa á alla hópa samfélagsins.**
- Því má segja að félagsleg sjálfbærni, í stuttu máli, fjalli um **dreifingu efnislegra gæða, samfélagslegs valds** og hvort **lýðræðið** sé virkt, sbr. „samtal“ og „samráð“ á glæru 3.



Takk fyrir!

[helgaog@hi.is](mailto:helgaog@hi.is)

